

Fundargerð Rallýráðs AKÍS

Fundur haldinn 22. september 2021 á Zoom kl. 19.30

Mættir Baldur Haraldsson BS, Tryggvi M Þórðarson KK, Garðar Gunnarsson AIFS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

1. Nýliðið tímabil

Keppnishald gekk almennt vel og mórallinn góður það best er vitað. Erfiðlega gekk að manna keppnishaldið og var það hjá öllum keppnishöldurum.

Ekki tókst að taka í gagnið „sjálfvirkan“ tímatökubúnað eins og stefnt var að og fengist hafa styrkir til að fjármagna. Samkvæmt TMP var umræddur búnaður þó notaður í eRally Iceland og Iceland Hill Rally og gafst ágætlega en fram komu hönnunargallar sem þarf að lagfæra.

All nokkrar kvartanir komu fram yfir tímabilið að ræst væri óþarflega snemma á morgnanna, kæmi það niður á hvíld og mögulega þátttöku.

2. Fundur með keppendum

Ákveðið að stefna á fund mánudaginn 4. október hjá ÍSÍ í Laugardal, AS undirbýr.

3. Nýir flokkar

Talsverð umræða og hugmyndavinna farið fram undanfarnar vikurum nýja flokka, helst fyrir nýliða. Mikilvægt að halda kostnaði við slíkan flokk í lágmarki með t.d. lægra þátttökugjaldi og eða sérstökum styrktaraðilum.

Ákveðið að taka málið upp á fundi með keppendum í haust.

4. Reglubreytingar

Höldum vinnufund með niðurstöður fundar með keppendum og reglubreytingar fimmtudaginn 7. október á Zoom.

5. Tryggingamál

Alger óvissa virðist ríkja varðandi tryggingar á ökutækjum í keppni í öllum greinum akstursíþrótta. Jafnvel hafa þau svör fengist hjá tryggingfélagi að rallybílar séu ekki tryggðir á ferjuleiðum.

Ákveðið að skora á stjórn AKÍS að leita liðsinnis ÍSÍ við að fá þessi mál á hreint sem fyrst og jafnframt að skoða möguleikann á að kaupa tryggingar erlendis fyrir keppnishald og ökutæki.

6. Akstursíþróttaáætlun ársins

Ráðinu ber samkvæmt reglugerð að tilnefna fulltrúa til kjörs á akstursíþróttafólki ársins. Samþykkt að óska eftir tillögum frá formönnum þeirra klúbba sem héldu keppnir á þessu ári.

7. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 20.50

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson